

# Stjórnarfundur FEB nr. 508 þriðjudaginn 7. jan. 2025 kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Árni Gunnarsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Stefanía Valgeirsdóttir, Kristinn Eiríksson og Bessi Jóhannsdóttir, varamaður.

**Fjarverandi:** Ragnar Árnason og Jón Magnússon, varamaður.

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá:

- **Fundargerðir nr. 506 og 507 afgreiddar og undirritaðar**
- **Aðalfundur FEB 2025 haldinn 27. feb. 2025 - undirbúningur**
  1. Uppstillingarnefnd – tilnefning í hana var afgreidd á stjórnarfundum 3. des. 2024.  
*Nefndin þarf að ljúka störfum minnst 2 vikum fyrir fund.*
  2. Kjörnefnd.  
Fundurinn ákvað að tilnefna eftirtalda aðila í kjörnefnd:  
*Óskar Magnússon sem formann,  
Jóhönnu Ragnarsdóttur  
Sigríði Ástu Hallgrímsdóttur  
þau hafa öll lýst yfir samþykki sínu*
  3. Tillögur að lagabreytingum.  
Minnst var á að ef þörf þykir, þá þurfa lagabreytingar að vera afgreiddar og liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu FEB hið minnsta í tvær vikur fyrir aðalfund.
  4. Fundarstjóri. Framkvæmdastjóra var falið að finna fundarstjóra.
  5. Ályktanir. Vakinn var athygli á því að afgreiða þarf ályktanir sem stjórnin ákveður að leggja fyrir aðalfund, sem allra fyrst.
- **Lækkun félagsgjalds þegar líður á starfsárið**  
Stjórnin taldi ekki eðlilegt að breyta árgjaldi FEB til lækkunar eftir því sem líður á starfsárið, en gott væri að upplýsa nýja félagsmenn að það gæti jafnvel hentað að bíða með félagsaðildina þar til nýtt starfsár byrjar.
- **Erindi til stjórnar – beiðni um undanþágu.**  
Erindið varðar beiðni um undanþágu vegna aldurs, til kaupa á íbúð með kvöðum frá FEB. Afgreiðsla stjórnar var eftirfarandi: Beiðnin um kaup fellur ekki undir þinglýstar kvaðir er á íbúðinni hvíla og er því hafnað.
- **Kvörtun FEB til Innviðaráðuneytisins**  
Engin viðbrögð hafa borist frá ráðuneytinu. Stjórn samþykkti að ýta á eftir svörum eða kalla eftir fundi með fulltrúum ráðuneytisins. Framkvæmdastjóri á að fylgja þessu eftir.
- **Kaup á stórum skjá í sal FEB**  
Skjávarpi í sal FEB er hættur að virka og samþykkti stjórn FEB að heimila framkvæmdastjóra að kaupa stjórnann upplýsingaskjá í sal FEB í staðinn, fyrir andvirði allt að 1 m.kr.
- **Önnur mál**  
Farið yfir stöðu mála hjá LA eftir sölu eigna LA til Brákar íbúðafélags hses undir lok síðasta árs.

Fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.

